



Kæri viðtakandi,

Það þarf ekki að eyða mörgum orðum í að lýsa ástandinu í samfélaginu eins og er, það þekkjast það allir.

Hér hjá okkur í Fjölskylduhjálpinni hafa umsóknir um aðstoð margfaldast síðustu mánuði. Í september mánuði voru það hátt í 2.000 heimili, eða yfir 5.000 munnar sem fengu aðstoð hjá okkur. Við gerum okkar besta að sjá til þess að fólk fái sem mest af ferskum mat, en skiljanlega felur það í sér gífurlegan kostnað.

Við höfum frá upphafi barist gegn matarsóun og búum sem betur fer yfir góðum hópi samstarfsaðila sem hafa gefið okkur vörur sem fara að nálgast síðasta sölundag, auk þess sem við höfum gefið skjólstaðingum kost á að fá aukalega vörur komnar yfir síðasta sölundag, sem búið er að ganga úr skugga um að séu enn nýtanlegar, enda t.a.m. þurrvara oft nýtanleg í dágóðan tíma eftir síðasta sölundag.

Ferskvaran er þó alltaf æskilegasti og hollasti valkosturinn, sér í lagi á tímum sem þessum og fyrir þann þjófélagshóp sem við þjónustum helst - eldri borgara, öryrkja, fátækar barnafjölskyldur og einstaklinga - allt saman fólk sem oft glímir við heilsufarsvandamál en hefur ekki efni á hollari mat eða dýrum læknisheimsóknum.

Með auknum sóttvarna aðgerðum mun atvinnuleysi aukast sem óhjákvæmilega mun leiða til enn frekari fjölgunar umsókna um mataraðstoð. **Í ofanálag bætist svo við jólaaðstoðin hjá okkur í desember sem hefur alltaf reynst okkur mjög þung.** Af þessari ástæðu leita ég til ykkar í þeirri von að þið sjáið ykkur fært að leggja hönd á plóg og styrkja matarsjóðinn hjá okkur, sama hver sú upphæð væri, enda skiptir hver króna miklu máli.

Á síðustu mánuðum, hef ég, persónulega, og í sjálfböðastarfi, staðið í þróun nýs rafræns umsóknarferlis sem hefur svo gott sem útrýmt biðröðum hjá okkur og gert okkur kleift að sinna okkar þjónustu um leið og gætt er að sóttvörnum. Í stað þess að allir mæti á sama tíma og fari í röð, sækir fólk um með Íslykli eða rafrænum skilríkjum á netinu og fær svo SMS og tölvupóst þegar umsókn hefur verið samþykkt, með dagsetningu og tíma.

Þetta kerfi hefur enn sem komið er aðeins verið notað fyrir starfsstöð okkar í Reykjavík, en um leið og það verður fullklárað mun það nýtast í Reykjanesbæ einnig.

Hafið þið einhverjar spurningar, ekki hika við að hafa samband og ég mun gera allt sem ég get að aðstoða ykkur.


Virðingarfyllst f.h. Fjölskylduhjálpar Íslands,

## Rósa Bragadóttir

Sjálboðaliði

Sími: 777-7672

Netfang: [rosa@fjolskylduhjalp.is](mailto:rosa@fjolskylduhjalp.is)

 <https://www.linkedin.com/in/rosabraga/>



**Reikningsupplýsingar:**  
**Reikningur:** 0537-26-116609  
**Kennitala:** 6609032590